

Nacic o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 15. maí 2012

Mál nr. 16567/10

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hælisleitendur. Brottvísun. Heilsufarsvandamál.

1. Málsatvik

Kærendur, Sladjan og Jelena Nacic, fædd árin 1969 og 1971, og synir þeirra, Alexander og Milan, fæddir 1991 og 1994, eru frá Kósóvó en dveljast í Svíþjóð. Þegar stríð braust út í Kósóvó árið 1999 neitaði Sladjan að sinna herkvaðningu og fór í felur. Í kjölfarið var fjölskyldu hans hótað og þau ofsótt af serbneska hernum. Eftir að hafa falið sig í húsi fjölskylduvinar í nokkur ár, einangruð frá umheiminum, héldu þau til Svíþjóðar árið 2006 og sóttu þar um hæli og dvalarleyfi. Umsóknum þeirra var hafnað að frátalinni umsókn eldri sonarins sem fékk varanlegt dvalarleyfi á grundvelli geðrænnar vanheilsu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu kæru sína á 3. og 8. gr. sáttmálans. Þau töldu að yrði þeim gert að fara aftur til Kósóvó eða Serbíu yrðu þau fyrir tjóni á geðheilsu sinni og fjölskyldulíf þeirra yrði fyrir skaða vegna aðskilnaðar við eldri soninn.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn benti á að fólk sem sækir um hæli í landi og hefur nýtt sér heilbrigðiskerfi þess sem betra er en í heimalandinu öðlist ekki sjálfstæðan rétt á að njóta þeirrar þjónustu áfram. Slíkt legði afar þungar byrðar á aðildarríkin. Þó geti í undantekningartilvikum komið upp mál sem eru svo alvarleg fyrir heilsu manna að brottvísun úr landi teldist brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók til athugunar hvort heilsa kæranda myndi skerðast vegna brottvísunar og afleiðingar þess. Sænska ríkið benti á að það hefði gengið lengra en því bar með því að bjóða elsta syninum dvalarleyfi í landinu, og tók fram að svipuð heilbrigðisþjónusta væri til staðar í Kósóvó og Serbíu. Dómstóllinn tók fram að gögn málsins bentu ekki til þess að neinn kæranda sækti í reynd geðlæknisþjónustu í Svíþjóð, elsti sonurinn væri 21 árs gamall og virtist lifa eðlilegu lífi og að öll gögn málsins sem tengdust geðheilsu kæranda lytu að persónulegum upplifunum þeirra frekar en klínísku mati. Var því fremur um getgátur að ræða en staðreyndir varðandi þær staðhæfingar að geðheilsu þeirra myndi hraka við brottflutning. Taldi dómstóllinn því ekki brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók til skoðunar hvort kærendur ættu eiginlegt fjölskyldulíf eða rætur í Svíþjóð sem nyti verndar 8. gr. sáttmálans, en taldi að svo væri ekki. Dómstóllinn benti á að flest lagaleg tengsl hefðu rofnað þegar sonurinn varð 18 ára. Með því að sækja um hæli hefðu kærendur vitað um þann möguleika að einhverju þeirra að öllum yrði synjað um hæli og fengju þar af leiðandi ekki að dveljast lengur í landinu. Benti dómstóllinn auk þess á að ekkert hindraði fjölskylduna í því að halda sambandi sem fjölskylda þótt einn þeirra hefði fengið dvalarleyfi í Svíþjóð en hinir sendir á brott. Taka varð tillit til þess að sænskum stjórnvöldum yrði að vera veitt talsvert svigrúm til mats á hvað það teldi heppilegasta framkvæmd landamæraeftirlits og búsetu í landinu.

Að öllu virtu var það niðurstaða dómstólsins að sænska ríkið hefði ekki gengið of langt við framkvæmd reglna í málum innflytjenda og var því hvorki um brot gegn 8. gr. né 3. gr. sáttmálans að ræða.